




Raddir barnabókanna Um frásagnartækni í barnabókum

Bls. 79-100 í *Röddum barnabókanna*

Rannsóknir á barnabókum - Ýmsar aðferðir

➤ Sögulegar rannsóknir

- Hvenær hófst tiltekið atriði?
- Hvers vegna hófst það?
- Hvaða áhrif hafði það?
- Ritun barna- og unglingabóka hófst seint á Íslandi
 - Íslenskar skáldsögur voru framan af ætlaðar lesendum á öllum aldri t.d. *Piltur og stúlka* eftir Jón Thoroddsen



Rannsóknir á barnabókum - Ýmsar aðferðir frh.

- Félagslegar og hugmyndafræðilegar aðferðir
 - Vinsælar aðferðir
 - Hvernig er skemmtiefni notað til þess að kenna börnum eða innræta siði, hegðun eða gildi
 - Með skeið af sírópi rennur lýsið betur niður
 - Hvaða mynd gefa bækur af samfélaginu samanborið við raunveruleikann?
 - A.m.k. framan af var samfélagsmynd barnabóka ekki í samræmi við raunveruleikann:
 - Of margar sveitasögur, efnahagslegt öryggi gott, farsæl heimili, lítið kynslóðabil, gamaldags viðhorf til menntunar og starfa kvenna




Rannsóknir á barnabókum - Ýmsar aðferðir frh.

➤ Ævisöguleg aðferð

- Fjallað um einstaka barnabókahöfunda
 - Áhrif ævi, lífsskoðana og áhugamála á skrif þeirra
- Lítið verið stunduð hérlandis
 - Þó augljóst að margir höfundar nota eigin reynslu

➤ Frásagnaraðferð barnabóka


- Gagnlegust, skv. Silju Aðalsteinsdóttur (bls. 81)
 - Kemst beint að kjarna málsins:
 - Hvað gerir bók að barnabók?



Rödd sögumanns



- Allar frásagnir hafa sögumann, rödd sem segir lesandanum frá
 - Opinberar skýrslur -> köld og fráhrindandi rödd
 - Fréttir dagblaða -> hlutlaus rödd
 - Auglýsingar -> lokkandi rödd
- Sögumaður barnabóka þarf að leiða lesanda sinn gegnum frásögnina
 - Þeim mun varfærnislegar sem efnið er háskalegra
 - Það er ekki hvað er sagt, heldur hvernig það er gert og við hvern sem ákvarðar hvað telst vera barnabók (Barbara Wall)



Tvöfalt ávarp (e. *double adress*)



- Gerir ráð fyrir bæði ungum og eldri lesanda
- Einkenndi barnabækur langt fram eftir síðustu öld ...
 - ... og gerir jafnvel enn í dag, einkum bækur fyrir ung börn
 - Höfundar voru með annað augað á fullorðna lesandanum
 - Til þess að sannfæra hann um að sagan hafi uppeldisgildi
 - Getur hljómað eins og talað sé niður til ungs hlustanda
 - Þetta hefur breyst



Einfalt ávarp (e. *single address*)

- Sögumaður tekur sér stöðu hjá hlustanda sínum
 - Talar einlæglega við hann
 - Lifir sig inn í hugarheim barns í markhópi sínum
 - Gjóar ekki augum á hinn fullorðna lesanda
 - Barnvænar frásagnir
 - Galli: Oft yfirborðslegar






Tvíþætt ávarp (e. *dual address*)


- Sameinar einfalt og tvöfalt ávarp
- Einfaldar og einlægar frásagnir á yfirborðinu
 - Dulin skilaboð til eldri innbyggðs lesanda
 - Ef hann kys að taka á móti þeim
 - Listrænar eyður í textanum
 - Hlustendur fylla í þær í samræmi við aldur og reynslu

Líkan Seymours Chatman à la Barbara Wall



Sögumaður í skáldverki

- 1. persónu frásögn
 - Mjög algengur frásagnarháttur
 - Sögumaður er persóna í sögunni
 - Talar í 1. persónu, sem „ég“
 - Aðalpersóna eða ...
 - ... aukapersóna sem stendur nærri aðalpersónu
 - Sjónarhorn takmarkast við þann sem talar
- 2. persónu frásögn
 - Mjög sjaldgæf
 - Nema hjá Ævari Þór Benediktssyni
 - Sögumannsrödd í 2. persónu, „þú“
 - Lesandinn virðist vera sögumaður!



Sögumaður í skáldverki

➤ 3. persónu frásögn

- Sögumaður stendur utan við frásögnina og lýsir því sem sést og heyrist.
- Langoftast gægist hann í huga einnar eða fleiri persóna:

- Alvitur sögumaður

- Hefur fullkomna yfirsýn um söguheiminn
- Les í huga flestra / allra persóna
- Veit hvernig sagan endar
- Sjaldgæfur í nútímabókmenntum

- Sögumaður með takmarkaða vitneskju

- Takmarkar sjónarhorn sitt við fáar persónur, oftast eina
- Mjög algengur

- Hlutlægt sjónarhorn / myndavélarsjónarhorn

- Segir frá því sem aðrar persónur geta séð og heyrt
 - Eins og kvikmyndavél
- Les ekki í huga persóna (eða nær ekkert)
- Sjaldgæft (ráðandi í *Íslendingasögum* þó)

